

Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum 28. september 2016.

Allir aðalmenn mættir ásamt skólameistara og fulltrúa kennara Jóhönnu Eyðisi.

1. Fjöldi nemenda

Heildarfjöldi nemenda 109 og þar af 89 í fullu námi. 76 eru á heimavist. 6 eru á Vopnafirði og 5 á Þórshöfn.

Lagðar fram endurbættar skólareglur. Skólameistari sagði frá heimsóknnum til skólans. Einnig kom fram að þær breytingar sem nú standa yfir í matsal og eldhúsi ganga vonum framár og vonir standa til að framkvæmdum ljúki fyrir jól.

2. Fjármál skólans

Skólinn fékk viðbótarframlag upp á 10,4 milljónir á yfirstandandi ári en á móti þá voru skuldfærðar 9,6 milljónir af eldri skuldum. Þá fær skólinn 5 milljónir vegna útibús á Vopnafirði og 500.000 í launabætur.

Útlit fyrir að niðurstaða ársins verði viðunandi eða nálægt 0.

3. Stefnt er að samstarfi við Framhaldsskólann á Húsvík og þá einkum á félagslega sviðinu.

4. Starfsmannaviðtöl og vinnustaða sálfræðingur

Fenginn hefur verið sálfræðingurinn Kristján Már Magnússon til að hjálpa til með líðan og samskipti á vinnustaðnum.

5. Skólinn er að hefja flokkun á rusli í samstarfi við sveitarfélagið.

6. Til athugunar eru breytingar á starfi húsvarðar í íþróttahúsi.

7. Stefnt er að námskeiðsferð til Alicante eftir páska n.k. fyrir starfsfólkið.

8. Grunnskólamót verður haldið hér á staðnum 14. október n.k. Þá verða kynntar hugmyndir um breyttar áherslur hvað varðar kynningu á skólanum.

9. Farið yfir húsnæðismál skólameistara.

10. Önnur mál. Þau voru engin.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 19:10